

Nefndasvið Alþingis
B.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2013

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um breytingar á tollalögum og ýmsum öðrum lögum (205. mál)

I. Almennt

Vísað er til frumvarps til laga um breytingar á tollalögum, lögum um vörugjald, lögum um virðisaukaskatt og fleiri lögum (205. mál) sem lagt var fyrir á Alþingi á 143. löggjafarþingi.

Félag atvinnurekenda (FA) styður við þá viðleitni sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að auðvelda þurfi framkvæmd ýmissa atriða er varða tollamál, vörugjöld og skatta. Raunar mætti taka á mun fleiri atriðum en þeim sem rakin eru í frumvarpinu. FA fagnar sérstaklega áframhaldi á tvískiptingu greiðslu aðflutningsgjalda. Að neðan eru raktar helstu efnislegu athugasemdir FA við frumvarpið.

II. Athugasemdir

- i. Það er jákvætt að í frumvarpinu sé tvískipting greiðslu aðflutningsgjalda fyrir árið 2014 lögfest. FA vill hins vegar benda á að enn eina ferðina er bráðabirgðaákvæði þessa efnis lögfest. Telja verður rökréttara að lögfesta umrædda tvískiptingu til frambúðar, eins og FA hefur lagt fram í hugmyndum sínum um [Falda aflið](#). Ekki verður séð að veigamikil rök hnígi gegn þessu og á tímum þar sem stjórnvöld leggja áherslu á einfaldara regluverk gagnvart atvinnulífi ættu svona atriði að vera til alvarlegrar skoðunar. Þetta gerir gjaldtöku hins opinbera aðgengilegri í framkvæmd, sérstaklega fyrir minni fyrirtæki. Af umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis að dæma verður ekki séð að umrætt ákvæði sé íþyngjandi fyrir ríkissjóð.
- ii. Mikilvægt er að taka það fram í skýringartexta með lögunum að þau beri að túlka með þeim hætti að tryggja, eftir fremsta megni, jafnræði á milli innflytjenda annars vegar og innlendra framleiðenda hins vegar.
- iii. Vert er að vekja athygli á því að ákveðnir kaflar Tollalaga nr. 88/2005 þarfnast endurskoðunar. Er þar sérstaklega vakinn athygli á refsíákvæðum laganna sem eru nokkuð óskýr og að ákveðnum hluta barn síns tíma.

III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri